

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 103/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jóni Þorvaldssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Rudolf Axelsson og Óskar Ólason mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Enn fremur hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens, dags. 16. ágúst 1962. Í bréfi þessu segir um rannsókn þá, er gerð var þar á blóði ákærða: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur þessar: Reducerandi efni samsvarandi alkóhóli 1,44‰ og 1,22‰, meðaltal 1,33‰.“

Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í framangreint skipti náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þegar tekið er tillit til venjulegrar mælingarskekkju og þeirra reducerandi efna, annarra en áfengis, sem „eðlilega“ eru í blóði manna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í rikissjóð, kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Þorvaldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda sins, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1962.

Ár 1962, föstudaginn 4. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1917/1962: Ákærvaldið gegn Jóni Þorvaldssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 6. apríl 1962, höfðað gegn ákærða, Jóni Þorvaldssyni verkamanni, Hólmgarði 12, Reykjavík, fyrir að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 20. febrúar s.l. undir áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuskírteini meðferðis ekið bifreiðinni R 1092 frá Hólmgarði að Reykjavíkurböfn og um Vesturgötu, unz lögreglan stöðvaði þar akstur hans.

Telst þetta varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 11. marz 1943 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1957 23/1 Rvík: Kærður fyrir innbrot og þjófnað.

Sent barnaverndarnefnd d.u.s.

— 12/2 Rvík: Kærður fyrir samskonar brot. Samskonar afgreiðsla.

1961 3/1 Rvík: Sátt: 250 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr., 3. mgr., umferðarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt þriðjudagsins 20. febrúar 1962, klukkan um 02.10,

stöðvuðu lögreglumenn ákærða við akstur bifreiðarinnar R 1092 um Vesturgötu í Reykjavík. Grunaði lögreglumenn hann um ölvun við akstur.

Ákærði hefur fyrir dómi jatað að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt um götur borgarinnar, þótt hann hefði neytt áfengis og fundið til áhrifa þess.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi „reducerandi“ efni, er samsvara 1.33% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða, þó þannig, að ekki þykir sannað, með vísan til álits Læknaráðs vegna hæstaréttarmálsins nr. 161/1959, að ákærði hafi brotið gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og ber því að sýkna hann af henni.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Þorvaldsson, greiði 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.